

Hvers vegna er gagnlegt að kynna sér geislana?

1. Það varpar ljósi á sögu mannsins.
2. Ástæður fyrir ástandinu í heiminum og aðstæður einstakra þjóða skýrast.
3. Eðli mannsins verður ljósara.
4. Með geislagreiningu fæst hagnýt aðferð til skilnings á sjálfum sér sem andlegri veru, og skilningur á öðrum verður auðveldari.

Hvaða geisla þarf að taka tillit til við geislagreiningu mannsins?

1. Geisli sólkerfisins.
2. Geisli okkar Plánetulogoss.
3. Geisli mannkynsins.
4. Geisli kynstofnsins, geislinn sem ræður aríska kynstofninum.
5. Ráðandi geislar tímabilsins.
6. Ráðandi geisli þjóðarinnar.
7. Geisli andans - mónadsins.
8. Geisli sálarinnar.
9. Geisli persónuleikans.
10. Ráðandi geislar fyrir:
 - Huglíkamann,
 - geðlíkamann,
 - efnislíkamann.

1. Geisli sólkerfisins er 2. geislinn.
2. Geisli Jarðarinnar er 3. geislinn (persónu).
3. Geisli mannkynsins er 4. (sálar) og 5. (persónu).
4. Geisli aríska kynstofnsins er 3. og 5.
5. Geislar í birtingu nú eru 2. 3. 5. og 7.
6. Geisli Íslands (norðurlanda) er ekki gefinn upp.
7. Geisli sálarinnar er einhver af geislunum sjö, en eftir 3. vígsluna sameinast allir eigindageislarnir, geislar hugans, í 3. geislanum og þá er sálin á einhverjum hinna þriggja eðlisgeisla.

Verkefni hvers nema er því að öðlast skilning á:

- a. Sálargeisla sínum,
- b. persónuleikageisla sínum,
- c. geislanum sem ræður huglíkamanum,
- d. geislanum sem ræður geðlíkamanum og
- e. geislanum sem ræður efnislíkamanum.

Þegar hann hefur vald á þessari fimmgreindu þekkingu þá hefur hann uppfyllt hin Delfísku boð: - Maður, þekktu sjálfan þig - og er reiðubúinn til að taka vígslu.